

Ár 2015, mánudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör varaformanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

I.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamál með síðari breytingum heyrir undir kjararáð að ákveða launakjör varaformanns nefndarinnar.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 19. febrúar 2015 frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð ákvarði launakjör varaformanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Fram kemur að í kjölfar breytinga á lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 sé staðgengill forstöðumanns nú einn nefndarmanna og jafnframt varaformaður úrskurðarnefndarinnar, en fyrir lagabreytinguna hafi staðgengill forstöðumannsins ekki átt sæti í nefndinni þótt hann væri varamaður formanns hennar. Markmiðið með umræddri breytingu hafi verið að bregðast við vanda úrskurðarnefndarinnar vegna aukins fjölda kærumála hjá nefndinni miðað við þær forsendur sem legið hafi til grundvallar við stofnun hennar þann 1. janúar 2012 sem og undirmönnun á skrifstofu nefndarinnar miðað við áður gefnar forsendur. Gert sé ráð fyrir að sami háttur verði hafður á við val á varaformanni eins og formanni, þ.e. að starfið verði aðalstarf sem auglýst verði í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá sé gert ráð fyrir að varaformaður verði skipaður til fimm ára og taki laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Með bréfi dagsettu 13. mars 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerð vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var varaformanninum gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í bréfi varaformannsins til kjararáðs dagsettu 8. apríl 2015 gerir hann grein fyrir starfssviði sínu hjá úrskurðarnefndinni og breytingum sem orðið hafi á því að undanfögnu. Fram kemur að fyrir utan þær breytingar sem orðið hafi á starfinu vegna fyrrgreindra lagabreytinga hafi álag aukist vegna fjölda kærumála, breiðara verksviðs og fjölgunar starfandi lögfræðinga á skrifstofu nefndarinnar. Eigi það jafnt við um staðgengil forstöðumanns og varaformann nefndarinnar sem og forstöðumann og formann hennar. Einnig kemur fram að við stofnun úrskurðarnefndarinnar hafi verið gert ráð fyrir að málum fjölgaði um 20% miðað við fjölda mála hjá eldri nefnd en reyndin hafi orðið sú að málum fjölgaði um rúm 50% þegar litið sé til síðustu þriggja ára. Vegna erfiðrar stöðu úrskurðarnefndarinnar hafi fengist fjárveiting til að ráða þrjá lögfræðinga í tímabundin störf til eins árs á þessu ári og hafi formaður nýtt heimild í lögum um úrskurðarnefndina til að nefndin starfi deildaskipt í þeirri viðleitni að afgreiða fleiri mál. Segir í bréfi varaformannsins að hann annist nú undirbúning og stýri fundum nefndarinnar til jafns við formann vegna deildaskiptingarinnar ásamt því að sitja fundi með formanni þar sem úrskurðað sé í kærumálum. Varaformaður sinni einnig starfi yfirlögfræðings hjá nefndinni en það hafi í auknum mæli falist í leiðbeiningum og ráðgjöf til starfandi lögfræðinga á skrifstofu við vinnslu úrskurða, úrlausn álitaefna og yfirferð úrskurða fyrir fundi nefndarinnar.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 5. maí 2015. Í bréfinu segir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafi tekið til starfa 1. janúar 2012 og gildi um

hana lög nr. 130/2011. Breyting hafi verið gerð á lögnum á síðasta ári, sbr. lög nr. 139/2014 og hafi sú breyting tekið gildi 1. desember 2014. Í lögnum sé gert ráð fyrir að staðgengill forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem jafnframt sé varamaður formanns nefndarinnar, skuli hafa forgangsrétt til stöðu nefndarmanns sem sé jafnframt varaformaður nefndarinnar, með starfskjörum samkvæmt úrskurði kjararáðs. Telji ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þess auk annarra viðmiðana við ákvörðun á launakjörum varaformannsins.

Með bréfi dagsettu 11. maí 2015 fékk varaformaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sent bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þess. Í bréfi varaformannsins til kjararáðs dagsettu 22. maí 2015 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytisins, en áréttað vegna skírskotunar í því til viðmiðana sem líta skuli til við ákvörðun launakjara, að hann telji óverulegan mun verða á starfi sínu sem yfirlögfræðings og varaformanns úrskurðarnefndarinnar og forstöðumanns og formanns hennar við dagleg störf á skrifstofu nefndarinnar við breytingu á lögum um úrskurðarnefndina.

III.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011 með síðari breytingum. Samkvæmt lögnum hefur nefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipar níu menn í nefndina og sjö til vara. Einn nefndarmanna, sem skal vera formaður hennar og forstöðumaður og hafa starfið að aðalstarfi, er skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann skal uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Einn nefndarmanna skal vera staðgengill forstöðumanns og varaformaður nefndarinnar. Hann skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður, hafa starfið að aðalstarfi og vera skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt lögnum hefur forstöðumaðurinn yfirstjórn úrskurðarnefndarinnar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrrisvar nefndarinnar út á við og ræður annað starfsfólk. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og hvort hún er skipuð þremur eða fimm mönnum. Formaður eða varaformaður eiga sæti í nefndinni í öllum málum. Formanni er heimilt að ákveða að úrskurðarnefndin starfi deildaskipt. Nefndin getur falið formanni að úrskurða í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmuni.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála tók til starfa 1. janúar 2012 og hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála. Kjararáð hefur ekki áður úrskurðað um launakjör varaformanns úrskurðarnefndarinnar. Við ákvörðun launakjara varaformannsins hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanns úrskurðarnefndarinnar.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun varaformanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 28. janúar 2015 skulu mánaðarlaun varaformanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 133, nú 739.553 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 7.153 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör varaformanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála gilda reglur kjararáðs frá 30. júní 2014.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber